

Nr. 091 / 16 Árni Friðriksson RE 200***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2350 IMO nr. 9192404
Smíðaður: Chile 2000, stál
Útgerð: Hafrannsóknarstofnunin
Stærð: 980 brl. 2233 bt.
Mesta lengd: 69,9 m Skráð lengd: 62 m
Breidd: 14 m Dýpt: 10,3 m
Vél: Caterpillar 4408 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 28



Árni Friðriksson ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 13. október 2016 var Árni Friðriksson á rannsóknarveiðum í Vesturdýpi. Veður: SA 6-8 m/s og ölduhæð 1-3 m.

Skipverjar voru búnir að hífa trollið og einn þeirra var að losa frá pokanum þegar honum varð fótaskortur og féll niður í fiskimóttökuna. Óskað var eftir þyrlu en hún gat ekki athafnað sig vegna slæms skyggis og var þá ákveðið að sigla með slasaða til lands.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að losa hnút á pokanum og þurfti að kippa hraustlega í þar sem mikið var af fiski í honum. Við þetta steig hann aftur og féll niður í miðja fiskimóttökuna sem er þrískipt;
- að skipverjinn rifbeinsbrotnaði og marðist á öxl og nýra.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.